

Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að lækka eldsneytiskostnað í millilandaflugi.

Flm.: Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Birgir Þórarinnsson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Karl Gauti Hjaltason,
Ólafur Ísleifsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
Sigurður Páll Jónsson, Þorsteinn Sæmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa lagafrumvarp þar sem kveðið verði á um ráðstafanir sem leiði til þess að eldsneytisverð í millilandaflugi lækki.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 148. löggjafarþingi (488. mál), 149. löggjafarþingi (41. mál) og 150. löggjafarþingi (359. mál) en náði ekki fram að ganga og er því endurflutt.

Samkvæmt lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, skal jafna flutningskostnað á olíuvörum eins og nánar er þar kveðið á um. Markmið laganna er að tryggja að eldsneytisverð sé hið sama um allt land til að jafna búsetuskilyrði og samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Jöfnun á flutningskostnaði á hins vegar ekki við um eldsneyti sem er ætlað til útflutnings og fellur þar undir eldsneyti til millilandaflugs og því er eldsneyti dýrara á millilandaflugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum heldur en í Keflavík og Reykjavík.

Með tillögu þessari er lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi lagafrumvarp í þá veru að breyting verði á til að verð á eldsneyti í millilandaflugi lækki. Slík breyting mundi styrkja stöðu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og ýta undir dreifingu ferðamanna um landið.